



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 131/001  
komudagur. 13. 12. 2004

Reykjavík, 9. desember 2004

R04110091

175

ÓKH/jb

Alþingi - umhverfisnefnd

Þórshamri  
150 REYKJAVÍK

***Frumvarp til laga um náttúruvernd - umsögn***

Á fundi borgarráðs í dag var lagt fram bréf borgarlögmans frá 7. þ.m. ásamt umsögn forstöðumans Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar frá 3. þ.m.

Umsögnin fylgir í ljósriti.

Ólafur Kr. Hjörleifsson

e.u.



Reykjavík, 7. desember 2004

R04110091

175

ás/ge

Borgarráð

*Umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd, eldri námur.*

Bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2004, ásamt frumvarpi til laga um náttúruvernd, 184. mál, eldri námur, var sent forstöðumanni umhverfis- og heilbrigðissviðs til umsagnar.

Borist hefur meðfylgjandi umsögn forstöðumannsins með athugasemdum, dags. 3. þ.m.



Gunnar Eydál

Hjálagt:

Umsögn forstöðumanns umhverfis- og heilbrigðissviðs, dags. 3.12.2004.



Reykjavíkurborg • Umhverfis- og tæknisvið  
Umhverfis- og heilbrigðisstofa

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

b.t. Gunnars Eydal  
skrifstofustjóra borgarstjórnar

Málsnr.: R09/1009/
Skjalasafn Ráðhúss
- 8 DES. 2004
Bréfalykill: 175

Reykjavík, 3. desember 2004.

**Varðar: Drög að frumvarpi til laga um náttúruvernd**


Vísað er til bréfs borgarlögmanns, dags. 19.nóvember 2004, þar sem undirritaðri er falið að gefa umsögn um frumvarp til laga um náttúruvernd.

Um er að ræða frumvarp til laga er leggur til breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, þannig að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem er ætlað gera töku úr námum, sem störfuðu fyrir 1. maí 1994, þ.e. áður en ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og núg. skipulags- og byggingarlög töku gildi, leyfisskylda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að efnistaka á eldri efnistökusvæðum verði gerð framkvæmdaleyfisskyld í tveimur áföngum. Í fyrsta áfanga, er miðast við efnistöku eftir 1. júlí 2007, verði sjónum beint að þeirri efnistöku sem væri tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, ef um nýja efnistöku væri að ræða. Í seinni áfanga, sem miðast við efnistöku eftir 1. júlí 2010, verði öll efnistaka í gömlum nánamum, óháð stærð, gerð framkvæmdaleyfisskyld á sama hátt og gildir um alla nýja efnistöku.

Undirrituð fagnar framlagningu frumvarpsins enda afar mikilvægt að sömu reglur gildi um alla efnistöku er kann að hafa veruleg áhrif á umhverfið. Undirrituð gerir þó athugasemdir við þau tímamörk sem sett eru fram í frumvarpinu. Að mati undirritaðrar óeðlilegt að enn skuli þurfa að liða 5 ár uns sömu reglur gildi um alla efnistöku hér á landi.

Virðingarfyllt,

  
Elly Katrín Guðmundsdóttir  
forstöðumaður